



Harmonikutríótónleikar ítrío

Harmoníku/bajantríóið **ítrío** var stofnað haustið 2015 í Kaupmannahöfn. Meðlimir þess eru **Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir**, **Jón Þorsteinn Reynisson** og **Jónas Ásgeir Ásgeirsson**. Þau eru öll nemendur prófessors Geirs Draugsvoll í Konunglega danska tónlistarháskólanum (Det Kongelige Danske Musikkonservatorium).

Þau hafa komið fram bæði á klassískum tónleikum sem og við önnur tilefni, til dæmis í neðanjarðarlestarstöð. Einnig hafa þau spilað á meistaranámskeiði finnska harmonikuprófessorsins Matti Rantanen.

ítrío leitast eftir að opna augu fólks fyrir möguleikum harmonikunnar. Þau vilja útvíkka og þróa ímynd hljóðfærisins á Íslandi og vinna náið með íslenskum tónskáldum. Jafnframt vilja þau veita ungum tónlistarunnendum fyrirmynd og innblástur og sýna að harmonikan er góður valmöguleiki í tónlistarnámi. Stefna **ítrío** er að halda uppi fjölbreyttri efnisskrá með verkum frá ólíkum tímabilum og stílum til að höfða til sem flestra áheyrenda, m.a. samtímatónlist, barokktónlist, þjóðlög, tangó og rytmísk/mínímalísk verk. Þessir tónleikar eru engin undantekning, þar sem tónleikagestir munu upplifa tilfinngakalt finnskt rifrildi, sjóðheitan sígaunagleðskap, blóðheitan argentískan tangó, draumkennda geimferð meðal stjarnanna og ef til vill franska tóna og dúndrandi klúbbamúsik.